

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 55.206. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 16.698 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.344 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

#### 7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysliverðs í júlí 1998 sem er 183,6 stig.

#### Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1998 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 41 12. janúar 1998.

*Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 1998.*

F. h. r.

**Þórður Friðjónsson.**

*Steinunn Bjarman.*

8. júlí 1998

Nr. 456

## AUGLÝSING

**um að fella úr gildi auglýsingu nr. 459, dags. 3. nóvember 1993.**

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 459, dags. 3. nóvember 1993, um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 841(1993), 873(1993) og 875(1993) um refsiaðgerðir gegn Haítí.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*